

Gunnar Kristinn Ottósson

From: Halldór Karl Hermannsson
Sent: föstudagur, 27. ágúst 2021 08:42
To: Gunnar Kristinn Ottósson
Cc: Guðlaugur H Sigurjónsson; Eysteinn Eyjólfsson; Hjörtur Magnús Guðbjartsson
Subject: 254. fundur Stjórnar Reykjaneshafnar

Sæll Gunnar.

Á 254. fundi Stjórnar Reykjaneshafnar þann 26. ágúst s.l. voru tekin fyrir tvö mál er tengjast skipulagsmálum Reykjaneshafnar. Eftirfarandi var bókað:

4. Lóðir Reykjaneshafnar. (2020050255)

Nýjast deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæðið í Helguvík er frá árinu 2015 og miðaðist við þá iðnaðaruppbyggingu sem fyrirhuguð var á svæðin. Eftirfarandi var lagt fram: *Breyting hefur orðið á fyrirhugaðri uppbyggingu á iðnaðarsvæðinu í Helguvík og það lóðaskipulag sem er í núverandi deiliskipulagi hentar misjafnlega því tengdu. Hluti iðnaðarsvæðisins í Helguvík er á forræði Reykjaneshafnar og er lagt til að samráðs verði óskað við Reykjaneshafnar varandi framtíðarskipulag svæðisins. Hafnarstjóra og formanni stjórnar er falið að hafa samband við skipulagsyfirvöld Reykjaneshafnar og óska eftir viðræðum um framtíðarskipulag svæðisins. Samþykkt samhljóða.*

7. Aðalskipulag Reykjaneshafnar 2020-2035 - vinnslutillaga. (2021080537)

Aðalskipulag Reykjaneshafnar er í endurskoðunarferli og hefur verið lögð fram vinnslutillaga í tengslum við þá vinnu. Eftirfarandi var lagt fram: *Stjórn Reykjaneshafnar hefur yfirfarið vinnslutillögu aðalskipulags er varða svæði sem tilheyra atvinnu- og hafnarstarfsemi Reykjaneshafnar. Við þá yfirferð hafa vaknað spurningar, sérstaklega er varðar aðkomu frá þjóðveg að atvinnu- og hafnarstarfsemi við Njarðvíkurhöfn. Stjórn Reykjaneshafnar felur hafnarstjóra og formanni stjórnar að koma viðkomandi athugasemdum á framfæri við skipulagsyfirvöld Reykjaneshafnar. Samþykkt samhljóða.*

Hér með óskar undirritaður að hann ásamt formanni Stjórnar Reykjaneshafnar fái fund með viðkomandi skipulagsyfirvöldum til að fara yfir ofangreind mál.

Með kveðju,

Halldór Karl Hermannsson

*Hafnarstjóri / Harbour Master,
Reykjaneshöfn / Port of Reykjaneshafnar,
Sími +354 420 3220*

*halldor.k.hermannsson@reykjaneshafnar.is,
reykjaneshofn.is.*



Þessi tölvupóstur og viðhengi hans gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á.

Efni tölvupóstsins og viðhengi er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Reykjanesbæjar.

This e-mail and its attachments may contain confidential and privileged information only intended for the person or entity to which it is addressed.